

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 163/2001**

frá 11. desember 2001

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2001 frá 9. nóvember 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/157/EB frá 12. febrúar 2001 um breytingu á ákvörðun 98/488/EB um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir jarðvegsbæti⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 2ec (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/488/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 D 0157:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/157/EB frá 12. febrúar 2001 (Stjtið. EB L 57, 27.2.2001, bls. 51).“

2. gr.

Texti ákvörðunar 2001/157/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 22, 24.1.2002, bls. 32 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 6, 24.1.2002, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 57, 27.2.2001, bls. 51.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

B. Grydeland

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.